

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags að Sandprýði 1-3 í Garðabæ í samræmi við 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Í breytingartillögunni felst að bygging nýtir 18,8 m<sup>2</sup> meira af útbyggingarreit en deiliskipulag gerir ráð fyrir. Byggingin fer út fyrir útbyggingarreit til suðurs 1,5 m á 17,8 m breiðum kafla sem nemur 26,7 m<sup>2</sup> (samtals fer bygging því 45,5 m<sup>2</sup> út fyrir aðalbyggingarreit).

Samkvæmt deiliskipulagi á lágmarksfjarlægð húss í lóðamörk til suðurs vera 8 m en er skv. tillögunni 6,5 m.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 19. september 2007.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2007